

Ed.

405. Nefndarálit

[189. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd klotnaði í afstöðu sinni til frv. sem fjallar einvörðungu um breytingu á tveim greinum skattalaga. Fyrri breytingin gerir ráð fyrir að kostnaður vegna handverkfæra og hljóðfæra verði frádráttarbær til skatts, en svo hefur ekki verið síðan tekin var upp sú regla, að 10% af brúttótekjum launþega eru frádráttarbær til tekjuskatts.

Hér er um varhugavert afturhvarf að ræða frá meginstefnu gildandi skattalaga, að draga úr fjölda frádráttarliða, þar sem slíkt er forsenda snurðulausrar framkvæmdar á staðgreiðslukerfi skatta ef til framkvæmda kemur. Hvers eiga vísindamenn að gjalda sem þurfa að kaupa fagfagmarit o. s. frv., o. s. frv.?

Þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé eðlilegra að endurskoða ákvæði um skattafrádrátt farmanna og fiskimanna ellegar námsmanna við ríkjandi aðstæður en að taka upp slík ákvæði að nýju í skattalög.

Önnur meginbreytingin, sem felst í frv. og breytingartillögu meiri hl. nefndarinnar við hana, er að heimila rýmri frádrátt vaxtakostnaðar en er í gildandi lögum um þetta efni. Lög nr. 7 frá 1980, sem núv. ríkisstjórn ber ábyrgð á, hefðu endanlega gert ungu fólki ókleift með öllu að rísa undir vaxtagreiðslum og byggingarkostnaði eigin húsnæðis.

Þessar breytingartillögur stefna í rétta átt, en verða ákaflega flóknar í framkvæmd og þröngum skilyrðum háð að þær verði fólki, sem aflar sér eigin húsnæðis, til nægjanlegs stuðnings.

Sönnunarskylda er t. d. lögð á framteljanda um að fasteignaveðskuldir séu „sannanlega notaðar til öflunar eigin húsnæðis“. Þá verður að segjast að takmörkun vaxta- og verðbótafjárhæðar, sem frádráttarbær yrði fyrir húsbýggjendur, við 7.2 millj. króna hámark fyrir hjón við álagningu í ár skv. till. meiri hl. nefndarinnar er ekki mikil ofrausn, ef höfð er í huga sú stefna sem verið hefur í framkvæmd um skeið í lánamálum þeirra.

Þessu til viðbótar er ekkert komið til móts við fólk, sem af ýmsum ástæðum hefur safnað skuldum án þess að þær séu heint tengdar öflun húsnæðis, t. d. ef um tekjumissi er að ræða vegna langvarandi forfalla fyrirvinnu heimilis, sem hefur getað haft skuldasöfnun í för með sér til þess að afstýra sölu á íbúð fjölskyldunnar, svo að dæmi sé tekið.

Höfuðgalli þessara þröngu skilyrða fyrir heimild til frádráttar vaxta er þó sá, að fólk mun almennt ekki hafa gert ráð fyrir þeim þegar það stofnaði til skulda á s. l. ári.

Við undirritaðir fulltrúar sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd leggjum til að í ár gildi óbreyttar reglur um frádrátt vaxtakostnaðar, gengistaps og verðtryggingar sem giltu í fyrra, en að nú verði sett ákvæði inn í skattalög, sem tryggji betur hagsmuni þeirra, sem eru að afla sér eigin húsnæðis, en till. meiri hl. gera, ef þau ákvæði koma til framkvæmda á næsta ári, þó með þeirri takmörkun, að hámarksfrádráttur verði 3 millj. hjá einstaklingi að viðbættri hækkun skv. skattvísitölu. Þetta er í samræmi við þá stefnu sjálfstæðismanna að gefa almenningi kost á að vita hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra í fjármálum hafa, þegar þær eru teknar, á þá skattbyrði sem þeim verður ætlað að axla þegar til skattlagningar kemur á tekjur og eignir viðkomandi árs.

Alþingi, 9. febr. 1981.

Lárus Jónsson,

Ey. Kon. Jónsson.